



## Tenging við Terminal Server utan skólans


Nemendur og starfsfólk skólans geta tengst inn á Terminal Server utan skólans sem heitir Skuld.

Með því að tengjast Skuld hafa nemendur og starfsfólk aðgang að þeim forritum sem skólinn hefur yfir að ráða en auk þess hafa notendur aðgang að sínu heimasvæði (H:/) og geta sent skjöl í prentun.

Þeir sem eru Windows stýrikerfið geta notað forrit sem heitir „Remote Desktop Connection“ til að tengjast.

Forritið er annað hvort fundið með því að opna Start hnappinn  og skrifa „Remote Desktop Connections“ eða opna Start hnappinn, skrifa „run“ og „mstsc“ í gluggann sem opnast. Þegar forritið hefur verið ræst opnast gluggi þar sem notandinn tengir sig inn á netið.







Þeir sem eru með **MAC** tölvur þurfa að sækja samsvarandi forrit í **App Store** sem heitir „Microsoft Remote Desktop“.

Til að tengjast inn á Terminal Serverinn er nafnið á vélinni skrifað inn í Computer línuna: **skuld.fa.is** Aðgerðin er staðfest með því að smella á **Connect** hnappinn.

Næsta skref er að skrá inn notendanafn og lykilorð. Í valmyndinni sem kemur upp er notendanafnið skrifað inn í User name línuna, sem er efri línun. Notendanafn nemenda samanstendur af fyrstu 8 stöfum kennitölu þeirra með bókstöfunum **fa** fyrir framan og **@fa.is** endingunni fyrir aftan, eins og sýnt er á myndinni hér fyrirneðan. Í neðri línuna er lykilorðið skráð inn. Að lokum er aðgerðin staðfest með því að velja **OK** hnappinn.



Mögulega þarf að breyta um notanda í innskráningarmyndinni ef annar notandi hefur skráð sig inn áður. Eins og myndin ber með sér þá kemur fram hver var síðast tengdur inn. Til að skipta um notanda er „**Use different account**“ valkosturinn valinn. Upp kemur sama valmynd og áður þar sem notandinn getur skráð sig inn.



Þegar notandinn er kominn inn kemur upp eftirfarandi skjámynd þar sem notendur hafa aðgang að þeim forritum sem eru á skjáborðinu auk þess að geta sótt gögn og vistað gögn á heimasvæði sínu (H:\) og sent verk í prentun.

